

Greinargerð með ársreikningi 2023

Rekstrarreikningur

Tekjur eru rúmum 77 milljónum hærri en áætlað var og gjöld tæpum 82 milljónum hærri. Það sem útskýrir það að mestu leyti eru talsvert meiri umsvif dótturfélagsins Fimleika Events ásamt öðrum þáttum sem verður komið inn á hér síðar í greinargerðinni. Fimleikasambandið hélt Norðurlandamót í hóp fimleikum sem var að öllu leyti keyrt í gegnum dótturfélagið. Tekjur Fimleika Events voru um það bil 33 milljónum hærri en það sem áætlað var og gjöldin 28 milljónum hærri.

Gert var ráð fyrir um það bil 9,9 milljóna króna afgangi sem að endar í 7,3 milljóna afgangi. Hreinar fjármunatekjur voru áætlaðar um 1,3 milljónir en eru 2,8 milljónir. Þar munar mestu um stórauknar vaxtatekjur. Þær voru árið 2023 um 2,4 milljónir en áætlun gerði ráð fyrir 157 þúsund krónum. Fimleikasambandið ávaxtar handbæru fé sínu á hagstæðum sparnaðarreikningnum og það, ásamt hagstæðu vaxtaumhverfi til sparnaðar, skapar þennan mikla mun í vaxtatekjum. Þó er vert að taka fram, að þó vaxtatekjur sambandsins hafi hækkað á árinu, hefur verðbólga einnig verið mikil. Vaxtatekjur á sparnaðarreikningi FSÍ umfram verðlagshækkunir eru einungis 196.809 krónur og á þá eftir að draga fjármagnstekjuskatt frá.

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög til Fimleikasambandsins voru 15,5 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Ríkisstyrkur var ögn lægri en áætlað var og einnig lægri en árið þar á undan. Útbreiðslustyrkurinn var tæplega helmingi hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þó svipaður og árið áður.

Styrkur úr afrekssjóði ÍSÍ var 4,7 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir en af þessari hækkun er 2 milljóna króna hækkun í flokknum einstaklingsstyrkir. Þeir styrkir eru sérstaklega eyrnamerkir tilteknum einstaklingum og skulu einungis notaðir í kostnað þeirra einstaklinga sem hann hljóta. Árið áður hlaut Fimleikasambandið einn slíkan styrk að upphæð 1 milljón, en einstaklingsstyrkir árið 2023 voru 3 milljónir króna.

Lottó skilaði 2,5 milljónum meira en áætlun gerði ráð fyrir og 4,2 milljónum meira en árið áður.

Tekjur vegna Ólympíusamhjálpur er einstaklingsstyrkur eyrnamerkur Valgarði Reinhardssyni og er greiddur beint út til hans. Áætlun gerði ekki ráð fyrir styrknum, en hann er örlítið lægri en árið 2022.

Styrkir frá samstarfsaðilum voru 1,5 milljón lægri en árið áður, en styrkirnir eru vegna fastra samninga sambandsins við sína samstarfsaðila. Áætlun gerði ekki ráð fyrir tekjum í þessum lið.

Fimleikasjóður var örlítið lægri en árið áður, útskýrist það á því að nokkrir velunnarar sjóðsins hafa hætt að styrkja sjóðinn. Fimleikasambandið er nú árið 2023 skráð á almannaheillaskrá sem skapar skattalega hvata til að styrkja góð málefni. Það er því von okkar að styrktarsöfnun taki við sér á komandi árum.

Aðrar tekjur eru styrkir og framlög sem falla ekki undir fasta samstarfsaðila sambandsins. Tekjur af þessum lið eru talvert lægri en árið þar áður en þá hlaut Fimleikasambandið myndarlegan styrk frá ríkinu vegna heimsfaraldursins COVID-19.

Innlend mót og sýningar

Framsetningu tekjuhliðar á liðnum innlend mót og sýningar var breytt í ársreikningi 2023. Liðnum FSÍ mót var skipt upp þannig að nú sýnir hann einungis mótagjöld, en sýndi áður mótagjöld að viðbættum dómaragjöldum. Sér lína sýnir nú dómaragjöldin sem FSÍ innheimtir en þetta var gert til að auka gagnsæi á mótasviði. Séu mótagjöld og dómaragjöld lögðu saman sést að liðurinn er 500 þúsund krónum yfir áætlun en 3 milljónum hærra en árið áður.

Fleiri mót fóru fram árið 2023 en 2022 og voru þau betur sótt. Þátttaka í báðum greinum hefur verið meiri en árið áður, en í hópfimleikum bættist við mótaröð sem var vel sótt. Þetta útskýrir á sama hátt hærra framlag aðildarfélaganna og húsaleigu þar á móti, en þessir liðir eru 3,3 milljónum yfir áætlun og um 10 milljónum hærra en árið þar áður.

Dómarakostnaður er undir áætlun og á pari við árið þar áður, þrátt fyrir nýja dómarasamninga sem tóku gildi á haustönn. Ef borin eru saman dómaragjöld á tekjuhlið og dómarakostnaður á kostnaðarhlið er 400 þúsund króna afgangur sem er umsýslugjald Fimleikasambandsins fyrir að halda utan um greiðslur til dómara. Í venjulegum mánuði er sú vinna einn vinnudagur en í mánuði með mótum hverja helgi er ljóst að sú vinna er þá meiri og er þegar mest verður tveir vinnudagar í mánuði.

Kostnaður verðlauna er lægri en áætlun gerði ráð fyrir og má rekja það til betri nýtingar á verðlaunum. Fimleikasambandið merkir einungis ártöl á Íslands- og Bikarmótum og getur því nýtt birgðir af verðlaunum annarra móta betur með minni fjárhags- og umhverfislegum kostnaði.

Hlutur mótshaldara er um 600 þúsund krónum yfir áætlun og einni milljón hærra en árið þar áður. Það helst í hendur við aukna þátttöku, fleiri mót og lægri verðlaunakostnað.

Flutningskostnaður er kostnaður af mótahaldi úti á landi en þessi kostnaðarliður var áður færður undir annar mótakostnaður.

Skipting launakostnaðar vegna mótahalds er lægri en í bæði fjárhagsáætlun 2023 og árið 2022. Fyrrum fjármálastjóri, sem sinnti stöðu mótastjóra í áhaldafimleikum, fór í fæðingarorlof í lok ágúst, en sá um þennan lið í fæðingaorlofi og fellur þessi kostnaður undir annar mótakostnaður en ekki hefðbundinn launakostnað á seinni parti ársins.

Tekjur af mótasviði námu tæpum 49 milljónum og gjöldin tæpum 48 milljónum. Ef launakostnaður, rúmar 9 milljónir, vegna mótasviðs er dreginn frá má sjá að hagnaður af mótasviði var um 10 milljónir. Því má segja að eins og staðan er núna rekur mótasvið því næst sem eitt starfsgildi. Hafa ber þó í huga að þriðjungur af mótagjöldum er eyrnamerkur afreksstarfi sambandsins.

Alþjóðleg mót og sýningar

Tekjur á sviðinu voru 23,2 milljónum hærrí en áætlað var.

Áætlaðar tekjur og raun tekjur af áhaldafimleikum voru nánast þær sömu, þrátt fyrir meiri kostnað af EYOF verkefninu sem komið verður inn á síðar. Ekki var rukkað fyrir þátttöku einstaklinga á HM, þar sem að um áunna þátttöku var að ræða.

Tekjur vegna hópíimleika er rukkaður kostnaður vegna íslensku liðanna á Norðurlandamótinu haldið á Íslandi. Áætlun gerði ráð fyrir að liðin keyptu matapakka mótsins en ekki hótél líkt og raunin var. Á móti hækkar liðurinn hótél og jafnar því sig út í afkomu.

Framlag aðildarfélaganna var vanáætlað miðað við nýtingu landsliða Íslands í sölum félaganna árin á undan, þessi liður er tæpum 20 milljónum yfir áætlun og að sama skapi er liðurinn „aðstaða“ í kostnaðarluta yfir áætlun, en þessir tveir liðir eru tengdir saman. Þó er kostnaðurinn hærrí þar sem leigðir voru salir sem eru ekki á vegum aðildarfélaganna.

EYOF mótið fór verulega fram úr áætlun og bókast mest allur sá kostnaður á þátttökugjöld en ekki aðra liði eins og hótél, fæði og svo framvegis eins og á við þegar um mót á vegum FSÍ er að ræða. Verkefnið er á vegum ÍSÍ sem sér um skráningu, skipulag og fjárhag að undanskildum launum þjálfara og fararstjóra. Þessi hækkun leiðir að einhverju leyti til hækkunar á tekjum, þar sem kostnaðarþátttaka iðkenda í verkefninu var hærrí en í fyrri verkefnum. Verkefnið var talsvert kostnaðarsamt árið 2023 og hefur FSÍ ásamt öðrum sérsamböndum lagt til við ÍSÍ að dregið verði úr kostnaði við verkefnið til að mynda í búningamálum og öðru. ÍSÍ hefur hins vegar lagt fram að ekki sé ætlunin að lækka kostnað þátttakenda í unglíngaverkefnum.

Kostnaður við flug er 3,3 milljónum yfir áætlun en flugkostnaður hefur hækkað verulega seinustu ár og er því um vanáætlun að ræða miðað við þau verkefni sem stefnt var að.

Hærrí hótélkostnað má rekja til þess að íslensku liðin á Norðurlandamóti keyptu gistipakka mótsins og kemur, eins og áður kom fram, í tekjum á móti.

Laun landsliðsþjálfara eru hærrí en áætlun gerði ráð fyrir. Áætlun gerði ekki ráð fyrir þessum lið í EYOF verkefninu en laun þjálfara eru greidd af FSÍ þó verkefnið sé á vegum ÍSÍ. Áætlun gerði ráð fyrir tveimur þjálfurum á Evrópumóti í áhaldafimleikum en þeir voru fjórir á mótinu.

Hæfileikamótun er undir áætlun þar sem stór hluti þess kostnaðar er undir fræðslusviði. Árið 2023 voru fengnir þrjú gestaþjálfarar sem komu að þjálfun úrvalshópa FSÍ og sinntu jafnframt kennslu á endurmenntunarnámskeiðum.

Kostnaður fagteymis er 6,2 milljónum hærrí en áætlað var. Útlagður kostnaður iðkenda á einstaklingsstyrkjum ÍSÍ kemur undir „fagteymi“ sem kostnaður, t.d. sjúkrakostnaður, en sá liður er 1,2 milljón en kemur á móti sem tekjur undir „áhaldafimleikar“. Einnig fellur undir fagteymið kostnaður af fagteymi í afreksstarfi, bæði upphald og laun, en áður hefur sá kostnaður verið bókaður á verkefnin sjálf. Nú hefur orðið breyting á því hvar kostnaður er bókaður, enda á hann heima undir liðnum fagteymi frekar en verkefninu sjálfu. FSÍ hefur lagt metnað sinn í að auka fagteymisþjónustu í verkefnum sínum en hár launakostnaður fagaðila mun gera sambandinu erfitt fyrir á árinu 2024 vegna breytinga á úthlutun úr afrekssjóði ÍSÍ.

Styrkir eru allir útgreiddir styrkir lagðir saman; einstaklingsstyrkir ÍSÍ, Ólympíustyrkir og aðrir styrkir.

Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga voru rúmar 46 milljónir og gjöldin rúmar 90 milljónir. Tap á afrekssviði, án skiptra launa, er því 43,8 milljónir. Séu laun þeirra starfsmanna sem koma að sviðinu reiknuð með er ljóst að tapið er 76,2 milljónir. Hins vegar er hluti tekna á öðrum sviðum eyrnamerkt afrekssviði. Má þar nefna styrk úr afrekssjóði ÍSÍ [stjórnunarsvið], þriðjungur leyfisgjalda [Leyfisgjöld] og þriðjungur mótagjalda [mótasvið]. Séu allar þessar tekjur lagðar saman til móts við gjöldin er ljóst að tapið af sviðinu er rúmlega 8 milljónir (sjá töflu).

Tekjur og gjöld alþjóðlegra móta og sýningar

Tekjur	
Tekjur vegna alþjóðlegra móta og sýninga	46.309.321
Tekjur vegna mótahalds FSÍ [1/3]	5.600.666
Tekjur vegna leyfiskerfis [1/3]	8.062.593
Afrekssjóður ÍSÍ	54.700.000
Samtals tekjur	114.672.580
Gjöld	
Gjöld vegna alþjóðlegra móta og sýninga	90.198.864
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	31.164.205
Laun vegna Fagteymis	1.372.369
Samtals gjöld	122.735.438
Mismunur	-8.062.858

Námskeið og fræðsluefni

Þjálfaranámskeiðin voru vel sótt, þrátt fyrir að tekjur af þeim séu lægri en áætlað var. Tekjur af þjálfaranámskeiðum eru 3,5 milljónum yfir áætlun. Árið 2023 voru haldin þrjú endurmenntunarnámskeið, kostnaður af þeim er helmingsskiptur á hæfileikamótun og á fræðslusvið. Allir þrír kennararnir komu erlendis frá og útskýrir það hærri ferðakostnað á fræðslusviði, en ekki var gert ráð fyrir öllum þremur námskeiðum í áætlun.

Haldið var E dómarnámskeið í áhaldafimleikum KVK sem var vel sótt.

Framlag aðildarfélaganna og húsaleiga var hærri en áætlað var þar sem fleiri námskeið fóru fram þetta árið í samanburði við árið áður.

Ekki hefur enn verið lokið við alla hluta nýja fræðslukerfisins en 660 þúsund króna kostnaður var af því.

Tekjur af námskeiðum og fræðslu voru rúmar 12,7 milljónir og gjöldin tæpar 11,5 milljónir. Ef tekinn er inn launakostnaður af sviðinu upp á tæpar 11 milljónir er ljóst að tap af fræðslusviði er 9,8 milljónir sem er áhyggjuefni. Við bindum vonir við að þegar nýtt fræðslukerfi verður fullunnið og aukning verði í þátttöku geti fræðslusvið verið sjálfbært um eitt starfsgildi.

Leyfiskerfi

Iðkendum fimleikahreyfingarinnar heldur áfram að fjölga og eru tekjur af leyfiskerfinu 1,2 milljón hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þó einungis rúmunum 200 þúsund krónum hærri en árið þar á undan. Tekjur af þjálfaraleyfum lækkar um 500 þúsund krónur og má leiða líkur að því að ekki séu allir þjálfarar skráðir í kerfið. Nú hefur þó verið tekið upp það kerfi að þjálfaraskráning á mót fer einungis fram í gegnum leyfiskerfið og því líkur að skráning verði réttari héðan í frá.

Aðrar tekjur

Undir liðnum aðrar tekjur eru félagaskipti á árinu sem og tekjur vegna útlagðs kostnaðar sem tilheyrir ekki FSÍ. Dæmi um slíkan útlagðan kostnað er Fimleikaping 2023 sem fór fram á Reykjum og hóp fimleikaráðstefna í Malmö, en aðildarfélög höfðu kost á að sækja ráðstefnuna. Aðrar erlendar tekjur er útlagður kostnaður vegna funda erlendis þar sem alþjóðlega sambandið (FIG) endurgreiðir þann kostnað að hluta til.

Starfsmenn Fimleikasambandsins sinntu vinnu í kringum Norðurlandamótið í hóp fimleikum. Fjármál mótsins voru alfarið hjá dótturfélaginu Fimleika Events, en launakostnaður FSÍ sem að hlaust af vinnu og undirbúningi í kringum mótið er undir

launum og launatengdum gjöldum FSÍ. Fimleikasambandið rukkaði Fimleika Events fyrir útlagða vinnu.

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld voru rúmar 83,7 milljónir árið 2023 sem er 8 milljónum yfir áætlun en 3,8 milljónum yfir þeim gjaldalið á árinu 2022. Í lok árs 2022 voru talsverðar lögbundnar hækkanir á launum vegna nýrra kjarasamninga sem áætlun gerði ekki ráð fyrir. Á haustönn fór fjármálastjóri sambandsins í fæðingaorlof. Afleysing fjármálastjóra sambandsins hóf störf 1. júlí, en einnig fór meirihluti af þessum tíma í undirbúning vegna Norðurlandamóts í Hópfimleikum. 2,5 milljónir af þessum kostnaði tilheyrir dótturfélaginu og bókfærast því sem tekjur undir liðnum aðrar tekjur.

Hugbúnaðarkostnaður var 360 þúsund krónum yfir en bætt var leyfi fyrir afleysingu fjármálastjóra í bókhaldskerfið til að tengja saman þætti kerfisins við þann tiltekna aðgang. Kostnaður vegna aðstoðar Advania við bókhaldskerfið bókfærast undir hugbúnaðarkostnaði en ætti e.t.v. fremur heima undir liðnum bókhaldskostnaður/ráðgjöf. Samtals er sá kostnaður 173.876 krónur.

Síma- og internetkostnaður var hærri en áætlun gerði ráð fyrir en þó lægri en árið áður og hefði áætlun því mátt gera ráð fyrir þessum kostnaði.

Bókhaldskostnaður/ráðgjöf er á pari við áætlun en þó talsvert hærri en árið á undan. Meirihluti þess kostnaðar er vegna lagfæringa á leyfiskerfinu sem fram fór árið 2022 en bókfærast árið 2023.

Gjafir voru yfir áætlun en rúmum 50 þúsund hærri en árið á undan. Áætlun hefði því mátt gera ráð fyrir þessum kostnaði.

Uppskeruhátíð er um tvöfalt hærri en áætlun gerði ráð fyrir en árið 2023 voru haldnar tvær uppskeruhátíðir, önnur fyrir árið 2022 og hin fyrir 2023 vegna breytingar á dagsetningu viðburðar íþróttafréttamanna á vali á íþróttamanni ársins.

Fimleikaþing var vel yfir áætlun en árið 2023 fór fimleikaþing fram á Reykjum í Hrútafirði og bókfærast allur kostnaður undir þessum lið en aðildarfélög greiddu fyrri sitt upphald eftirá og bókfærast undir liðnum aðrar tekjur.

Fundakostaður er á pari við áætlun en þó talsvert hærri en árið áður. Kostnaður vegna stjórnar FSÍ er undir fundarkostnaði. Í ár var meðlimum stjórnar FSÍ boðið á jólahlaðborð með starfsfólki FSÍ. Mökum var einnig boðið með en greiddu þeir fyrir sig sjálfir og bókfærast það undir liðnum aðrar tekjur.

Liðurinn tölvur og tæki var yfir áætlun en þó tæplega helmingi minna en árið á undan. Mestur hluti þess kostnaðar eru tveir símar sem keyptir voru fyrir starfsmenn og verður

dreginn af launum árið 2024. Sé þessi kostnaður dreginn frá og viðbættur kostnaður undir dótturfélagi er þessi liður rétt yfir fyrra ári.

Húsaleiga er um 300 þúsund krónum hærrí en árið áður og er vegna hækkunar á leigu á skrifstofuhúsnæði FSÍ.

Tryggingar eru hærrí en árið áður, en þessi kostnaður eru tryggingar vegna atvinnureksturs og hefur kostnaður vegna 2022 verið bókaður á árið 2023.

Annar kostnaður er bankakostnaður, seðil- og útskriftargjöld. Skoðaður er möguleiki á að færa það næst undir liðnum fjármagnsgjöld.

Rekstrargjöld Fimleikasambandsins eru því samanlagt rúmar 95,8 milljónir eða um 6,7 milljónum hærrí en árið 2022. Fyrir því er þær ástæður sem hér hafa verið raktar en viðamesti liðurinn er launakostnaður, en með nýjum langtíma kjarasamningum ætti jafnvægi að nást í þessum lið og auðvelda áætlun.

Afskriftir

Klárað var að afskrifa óinnheimtanlegar skuldir árið 2022 og var því ekkert afskrifað árið 2023.

Fimleika Events ehf.

Ísland var mótshaldari á Norðurlandamóti í hóp fimleikum. Mótahaldið var að öllu leyti keyrt í gegnum dótturfélagið Fimleika Events sem hugsað er fyrir þess konar viðburði. Sala á stuðningsmannabólum FSÍ fer einnig í gegnum félagið.

Tekjur – Fimleika Events

Beinir fjárstyrkir í kringum Norðurlandamótið námu 600 þúsund krónum. Þó er ljóst að styrkir með lækkun kostnaðar og annarskonar varning er talsvert hærrí ef í krónum væri talið.

Miðasala skilaði rúmum 8 milljónum í tekjur og 1,2 milljónir í selt streymi erlendis.

Vörusala í kringum mótið nam rúmum 3,3 milljónum.

Gistipakki sem innihélt hótulgistingu, mat, lokahóf og akstur nam 35 milljónum. Verð á þessari þjónustu hefur hækkað gríðarlega á Íslandi með aukinni ferðaþjónustu og því ljóst að þessi liður á sinn þátt í meiri veltu mótsins en gert var ráð fyrir.

Þau áhöld sem notuð voru á mótinu flutti Fimleikasambandið inn og stóð að sölu þeirra til sinna aðildarfélaga. Mótið var keyrt eins og Evrópumót þ.e.a.s. tvöfalt áhaldasett; eitt í keppnissal og eitt í upphitunarsal. Áhaldasala í kjölfar mótsins nam rúmum 14,9 milljónum.

Í heildina námu tekjur í kringum Norðurlandamótið 63,1 milljón, en smávægileg vörusala á stuðningsmannabólum var árið 2023 og er ekki inn í þessum tekjum.

Gjöld

Rekstrargjöld -Fimleika Events

Starfsmenn Fimleikasambandsins sinntu undirbúningi og framkvæmd Norðurlandamótsins ásamt sjálfboðaliðum. Fimleikasambandið seldi sína vinnu til dótturfélagsins upp á tæpar 2,5 milljónir sem verður að teljast lág upphæð ef vinnuframlagið er skoðað. Þessi liður kemur sem kostnaður hjá Fimleika Events en sem tekjur og gjöld hjá Fimleikasambandinu því laun og launatengd gjöld eru greidd af Fimleikasambandinu.

Kaup á sérfræðingi sem hefur aðstoðað sambandið við uppsetningu ársreiknings og bókhaldskerfið er undir liðnum „Bókhaldskostnaður/ráðgjöf“.

Tölvur nokkurra starfsmanna voru endurnýjaðar þar sem þær sem notast hafði verið við voru komnar til ára sinna og er kostnaðurinn af þeim undir kostnaðarlið félagsins.

Samanlagt eru rekstrargjöld félagsins því rúmar 4,2 milljónir.

Alþjóðleg mót og sýningar – Fimleika Events

Ýmis aðkeypt þjónusta eins og kynningar, öryggisgæsla, þrifa þjónusta og fleira í tengslum við Norðurlandamótið nam tæpum 800 þúsund krónum.

Kostnaður við kaup á hótélum keppenda var tæpar 18,2 milljónir. Matur og varningur upp á 7,6 milljónir var seldur í sjoppu mótsins.

Kaup á áhöldum voru tæpar 13,7 milljónir en við það bætist flutningskostnaður sem var um 600 þúsund.

Kostnaður við rútuferðir og annað slíkt var tæpar 1,7 milljón. Kostnaður við búnað og leigu húsnæðis voru tæpar 7 milljónir. Annars konar kostnaður við mótahaldið var 1,6 milljón. Heildar kostnaður við mótahaldið var því rúm 51 milljón og er launakostnaður starfsmanna Fimleikasambandsins þar ekki meðtalinn.

Hagnaður - Fimleika Events

Rekstrartekjur Fimleika Events voru tæpar 63,2 milljónir og gjöld tæpar 55,5 milljónir. Hagnaður ársins er með fjármunatekjum rúmar 8,5 milljónir.

Eigið fé Fimleika Events var neikvætt um 13,3 milljónir í lok árs 2022 vegna skuldar félagsins við Fimleikasambandið. Hagnaður félagsins er því notaður til hækkunar á eigin fé félagsins sem stendur í tæpum 4,8 milljónum við lok árs 2023.

Fjáreignartekjur og (fjármagnsgjöld) - Samsteypu

Vaxtatekjur voru 2,4 m.kr. á árinu. Árið 2021, samhliða því að fjármálaregluverk sambandsins var samþykkt, var hafinn sparnaður á 30 daga bundnum vaxtareikningi með

ágætis vöxtum. Vaxtaumhverfi á Íslandi hefur verið hagstætt til sparnaðar og hafa þessar vaxtatekjur því rokið upp og munar sambandinu mikið um. Sé leiðrétt fyrir verðlagi og fjármagnstekjuskattur dreginn frá er ljóst að vaxtatekjur eru að skila tæplega 400 þúsund krónum. Því eru vaxtatekjurnar árið 2023 að mestu leyti að halda í við verðlag.

Vaxtagjöld og bankakostnaður er 908.346 krónur en undir þessum lið eru þjónustu og bankagjöld dótturfélagsins, sem eru talsverð, vegna aukinnar starfsemi þar á árinu.

Gengismunur var jákvæður um 1.340.410 krónur.

Hreinar fjármunatekjur árið 2023 eru því 2,9 m.kr.

Hagnaður ársins

Hagnaður ársins var 7,3 m.kr. sem er 2,6 milljónum lægri en áætlað var. Ljóst er að 2024 verður umfangsmikið ár og vegna lægri styrks úr Afrekssjóði leggjum við til að afgangur ársins verði nýttur í tap ársins 2024.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningurinn nær til samstæðu Fimleikasambandsins og Fimleika Events, þ.e.a.s. efnahagi félaganna tveggja er steypt saman.

Veltufjármunir

Birgðir

Áhöld sem voru keypt árið 2023 en seld árið 2024 eru undir þessum lið og kemur sem kostnaður vegna áhaldakaupa árið 2024.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur lækkuðu um tæpar 27,3 milljónir. Styrkur frá ríkissjóði frá 2022 barst árið 2023 og lækkar þennan lið að mestu leyti. Þær viðskiptakröfur sem eru til staðar eru að mestu leyti greiðslur frá ÍSÍ sem voru greiddar í upphafi árs en einnig streymi í kringum Norðurlandamótið sem var greitt í upphafi árs.

Aðildarfélög

Skuldir aðildarfélaga hækka um 400 þúsund krónur. Flest allar skuldir aðildarfélaga eru í greiðslusamningi og í lok apríl 2024 hefur mestur hluti þessa skulda verið greiddur og stendur í tæpum 3 milljónum í lok apríl.

Handbært fé

Handbært fé eykst um 30,7 milljónir. Þessi hækkun er að miklu leyti vegna innheimtu viðskiptakrafna frá 2022 en einnig hagnaður ársins.

Eigið fé og skuldir

Hlutfé að upphæð 500.000 kr. er eign í dótturfélaginu Fimleika Events ehf.

Óráðstafað eigið fé FSÍ var 80,8 m.kr. í lok ársins 2022 sem er óráðstafað eigið fé FSÍ árið 2022 auk rekstrartaps ársins 2023. Óráðstafað eigið fé Fimleika Events ehf. var –5,3 m.kr. í lok ársins 2023 sem er óráðstafað eigið fé í lok árs 2022 auk rekstrarafgangs fyrirtækisins á árinu 2023. Þegar óráðstöfuðu eigið fé samstæðunnar er steipt saman myndast upphæðin 75.464.621 kr.

Eigið fé í lok ársins 2023 er því rúmar 75.464.621 milljónir sem er hækkun um rúmar 7,3 milljónir á milli ára.

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir hafa lækkað talsvert mikið milli ára. Ástæða þess er að óskað var eftir reikningum sem uppá vantar tímanlega til að greiðsla geti farið fram á árinu. Einnig koma til lækkunar viðskiptaskulda kreditreikningar sem bárust dótturfélaginu í lok árs. Fyrir mistök ofrukkuðu nokkrir aðilar félagið sem leiðrétt var í lok árs en var greitt til baka í upphafi árs og kemur til lækkunar á viðskiptaskuldum.

Ógreidd launatengd gjöld

Launatengd gjöld sem greidd eru í janúar mánuði fyrir laun í desember.

Greiðslukort

Um er að ræða skuld á VISA kortum sem tilheyra 2023 en voru greidd í byrjun árs 2024.

Ógreiddur virðisaukaskattur

Tilheyrir að öllu leyti Fimleika Events. Vegna stærðar félagsins var félagið í tveggja mánaða skilum. Skil á virðisaukaskattsskýrslu nóvember og desember er 5. febrúar og greiðslan fer sömuleiðis fram þá. Þessi liður hefur áður verið undir viðskiptaskuldir eða viðskiptakröfur eftir því hvort félagið eigi inni virðisauka eða skuldi hann.

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

Veltufé frá rekstri er rekstrarafgangur. Afskriftir samstæðunnar á árinu 2023 voru 7,3 m.kr. sem er hagnaður félagsins.

Skammtímakröfur og skammtímaskuldir lækkuðu á árinu. Skammtímakröfur lækkuðu um 27,2 m.kr. og skammtímaskuldir lækkuðu um 3,8 m.kr. Vegna þessa er jákvæð breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum um tæpar 23,5 milljónir. Því er handbært

fé frá rekstri jákvætt í lok ársins um rúmlega 30,7 milljónir og handbært fé í árslok því samtals 60.990.204 krónur.

Ragnar Magnús Forsteínsson

Fjármálastjóri

Fimleikasambands Íslands